

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um* klausturgjöld til prestanna á Akureyri og í Grímsey. — Þjer hafð, herra landshöfðingi, ritað hingað 1. ágúst þ. á. með bónarhrjefi, er ummæli hlutaðeigandi amtmanns fylgdu, þar sem þeir sóknarpresturinn á Akureyri og að Munkaþverá og Kaupangi, Daniel prófastur Halldórsson, og sóknarpresturinn að Miðgarði í Grímsey, Pjetur Guðmundsson, fara þess á leit, að klausturgjöld þau, er þeim bera, en það eru 5 hundruð í landaurum af Munkaþverárklaustri til handa síra Daniel, og handa síra Pjetri 1 hundruð af Munkaþverárklaustri og 1 hundruð af Möðruvallaklaustri, og sem hingað til hafa verið greidd í landaurum, nokkuð í smjöri, nokkuð í eingirnissokkum eða eptir verðlagsskrár verði þeirra, verði eptirleidis greidd í peningum eptir meðalverði verðlagsskrár, og að settur verði fastur gjalddagi fyrir greiðslu prestskyldarinnar. Hafð þjer lagt það til, að beiðni þessi verði veitt, eins og breytt var gjaldeyri í prestskyldirnar handa prestum Möðruvalla og Þingeyraklausturskirkna með brjefi ráðgjafans 26. janúar f. á., og skuli gjöld þessi greiða hjeðan af í peningum í lok hvers fardaga-árs, eptir meðalverði verðlagsskrár þeirrar, er þá stendur, í fyrsta skipti fyrir fardaga-ár það, er nú er að líða.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeiganda endurskoðanda, að ráðgjafinn fellst á tillögur yður.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um* að prenta megi **124** nefndarálitin í skattamálinu, skólamálinu og landbúnaðarmálinu. **7. nóv.**
— Þjer hafð, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef, þar sem 8 alþingismenn fara þess á leit, að nefndarálit nefnda þeirra þriggja, er skipaðar hafa verið til að íhuga skattamál, skólamál og landbúnaðarmál Íslands, og koma fram með tillögur um skipan þeirra mála, verði sett á prent og þeim útbýtt meðal alþingismanna í vetur, og í þóknanlegu brjefi 12. f. m. skotið því til ráðgjafans, hvort honum virtist ástæða til að veita hið umbeðna leyfi til prentunar og útbýtingar þessara nefndarálita.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að nú er ráðgjafinn hefir kynnt sjer nefndarálit það, er skattanefndin hefir samið, og lagafrumvörp þau, er því fylgdu, leyfir hann, að skjöl þessi sjeu prentuð, í 200 exemplörum, og 1 exemplar úthlutað hverjum alþingismanni, svo og, að eins sje farið með verk hinna nefndanna tveggja, svo framarlega sem yður, herra landshöfðingi, ekki finnst neitt á móti birtingu þeirra, er þjer hafð yfir farið þau.

Af því sem prentað verður eru þjer beðnir að senda ráðgjafanum nokkur exemplör.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* fjallvegi. — Amtráðið hafði jafnframt tillögum sínum um, hverjir vegir ættu að vera fjallvegir í norður- og austurumdæminu, tekið fram, að viðgerð á Grímstungnaheiðarvegi og Stóra-Sandsvegi ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum fjallvegabótum þar; einkum lægi mjög á gjörsamlegri endurbót á Grímstungnaheiðarveginum, og mundi ráð að láta skoða hann áður vandlega og vita, hvort eigi mætti færa hann svo, að hann yrði beinn og skemtri.

Landshöfðingi leggur nú fyrir amtmann að láta slíka skoðunargjörð fram fara í vor, svo snemma sem verður, og skulu skoðunarmenn eigi einungis til taka stefnu vegarins, heldur og breidd hans, og segja til, hvort nægja muni að ryðja hann, eða hvað annað þurfi

Hinn 16. desember 1876.

125 9. nóv. að honum að vinna, hvað viðgerðin muni kosta, hve langan tíma muni þurfa til hennar og hvar byrja eigi, hvort að norðan eða sunnan, eða víðar í einu. Vill landshöfðingi fá skoðunargjörð þessa fyrir næsta alþingi, ásamt ummælum amtmanns og amtsráðs, og biður að láta sig vita, hvort kostur muni á góðum vegagjörðarstjórum nyrðra, hvað kaupdýrir þeir muni verða og hve marga verkamenn hver þeirra muni geta útvegad. Hann kveðst raunar óska, að byrjað yrði á vegabót þessari á sumri komanda, en óttast að lítið verði um fje til þess, með því að megnið af vegabótafjenu í fjárlögunum fyrir 1876—77 muni ganga til vegabóta þeirra, sem byrjaðar eru í vesturumdæminu (á Holtavörðuheidi) og í suðurumdæminu (á Hellisheidi og yfir Svínabraun). Verði því að halda henni fram með því meira fylgi sumarið 1878, að fenginni nýrri fjárveitingu næsta alþingis.

Í annan stað býður landshöfðingi amtmanni eptir tillögum amtsráðsins að láta skoða eldgos-skemmdirnar á veginum yfir Mývatnsöræfi, gjöra áætlun um, hvað kosta mundi að leggja sferan veg yfir hið nýja hraun eða þá meðfram því; senda sjer síðan bæði skoðunargjörðina og áætlunina með ummælum sínum og amtsráðsins.

Að endingu getur landshöfðingi um fjallvega-anglýsingu sína, sem nú er prentuð hjer að framan (nr. 117, bls. 105—106).

126 9. nóv. — *Ágrip af bríefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vegabót á Kaldadal.* — Landshöfðingi kveðst hafa af ráðið, að láta byrja á sumri komanda á viðgerð á veginum yfir Kaldadal og Grífstungnaheidi, — sem öll amtsráðin hafi verið samdóma um, að einna mest lægi á —, að svo miklu sem til verði fje til þess, og skuli svo eptirleidis, er fengin sje ný fjárveiting alþingis, þeirri vegabót haldið áfram með svo miklu fylgi, sem auðið verði. Leggur hann því fyrir amtmann, að láta skoða suðurkafla þessa vegar, sem sje Kaldadalveginn, norður að Kalmanstungu, og gjöra áætlun um, hve langur tími muni ganga til að fullgera veginn, og hvað það mundi kosta; svo skuli skoðunarmennirnir og segja til, hvornig bezt sje að haga vegagjörðinni. Skoðunargjörðina og áætlunina vill hann fá innan loka júnímán. 1877, ásamt ummælum amtmanns og amtsráðs.

(Vísað á fjallvega-anglýsinguna, nr. 117 hjer að framan).

127 14. nóv. — *Bríef landshöfðingja til póstmestarans um póstsendingar, er póstskeipið hefir eigi komið við með á millistöðvunum.* — Jeg hef skrifazt á við yfirstjórn hinna dönsku póst- og telegrafmála út af þóknanlegri skýrslu herra póstmestarans frá 30. júní þ. á. um póstsendingu, er kom hingað með sjöundu ferð póstgufuskipsins «Dlönu» 1875, en póststofan hjer áleit sjer ekki heimilt að opna, af því að hún var send frá Kaupmannahöfn í innsigliðum þoka með utanáskript til Vestmannaeyja, en reyndi að koma henni til Vestmannaeyja með póstskeipinu á heimleið þess; og skal því þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmestari, til leiðbeiningar og eptirbreytni það, er nú skal greina.

Þegar póstsending frá dönsku pósthúsi til íslenzkrar hafnar, er póstskeipið á að koma við á, ekki hefir orðið afhent á höfn þessari, heldur er flutt hingað, verður að opna hana og fara með hinar einstöku sendingar, sem í henni eru, samkvæmt reglum þeim, er settar eru um íslenzkar póstsendingar, og skal láta þær sendingar, sem eru svo lagaðar eða svo þungar, að þeim verður ekki komið með landpóstum, fara aptur með póstgufuskipinu til